

1978 nr. 44 10. maí
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum

Tóku gildi 6. júní 1978.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármála- og efnahagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.**

□ Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum sem undirritaður var í Bonn 11. október 1977. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.¹⁾

¹⁾ Sjá Stjórn. A 1978, bls. 221–228.

■ **2. gr.**

□ Þegar samningurinn hefur verið fullgiltur skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.¹⁾

¹⁾ Augl. C 9/1978.

■ **3. gr.**

□ Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.